

**Nd.**

**154. Nefndarálit**

frv. til l. um eyðingu svartbaks og hrafns.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

1. Við 1. gr.
  - a. Niðurlag 1. málsg. á eftir orðunum „dráp hvers“, orðast svo: fullorðins svartbaks (veiðibjöllu), og greiðir rikissjóður launin.
  - b. 2. mgr. orðist svo:

Sá, er drepið hefir fullorðinn svartbak, skal sanna það fyrir hreppstjóra, sýslumanni eða bæjarfógeta, vilji hann hljóta laun fyrir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.
2. Við 2. gr. Greinin fellur burt. Greinatala breytist samkvæmt því.
3. Við 3. gr. Orðin „eða hröfnum“ falli burt.
4. Við 4. gr. Orðin „og hrafns“ falli burt.
5. Við fyrirsögn frv. Orðin „og hrafns“ falli burt.

Alþingi, 16. marz 1940.

Thor Thors,	Vilm. Jónsson,	Bergur Jónsson,
form. fundaskr.,	með fyrirvara.	frsm.
Garðar Þorsteinsson.	Sveinbjörn Högnason,	með fyrirv.